

REGLUGERÐ um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæði úti fyrir Austurlandi.

1. gr.

Frá og með 10. júní 2016 eru allar veiðar á sæbjúgum óheimilar á veiðisvæði úti fyrir Austurlandi, á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. $65^{\circ}05,40' \text{ N}$ - $13^{\circ}21,00' \text{ V}$
2. $65^{\circ}05,40' \text{ N}$ - $13^{\circ}33,00' \text{ V}$
3. $64^{\circ}43,20' \text{ N}$ - $13^{\circ}53,40' \text{ V}$
4. $64^{\circ}43,20' \text{ N}$ - $13^{\circ}41,40' \text{ V}$
5. $65^{\circ}05,40' \text{ N}$ - $13^{\circ}21,00' \text{ V}$

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. júní 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. júní 2016